

|                   |                                                                       |                                                                                     |
|-------------------|-----------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------|
| Nr.: GAT-045      | <b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>                                   |  |
| Útgáfa: 08        |                                                                       |                                                                                     |
| Dags.: 30.08 2011 |                                                                       |                                                                                     |
| Höfundur: HRS     | <b>BAF 602 Aflrás sjálfskipting<br/>Kennsluáætlun 4. Önn vor 2015</b> |                                                                                     |
| Samþykkt:SHJ      |                                                                       |                                                                                     |
| Síða 1 af 1       |                                                                       |                                                                                     |

|                |                   |               |     |
|----------------|-------------------|---------------|-----|
| <b>Kennari</b> | Bragi Finnbogason | <b>Sk.st.</b> | BFI |
|----------------|-------------------|---------------|-----|

#### Áfangalýsing:

Farið er yfir gerð og virkni sjálfvirkra gírkassa og íhluta þeirra. Fjallað er um reglubundið viðhald, ástandsskoðun og prófanir og mat á ástandi íhluta. Þá er fjallað um hættur þegar unnið er undir ökutæki, meðhöndlun þungra hluta og skaðsemi olíu. Sérstök áhersla er lögð á hreinlæti og nákvæmni í vinnu við vökvakerfi.

#### Markmið:

Nemandi þekki:

Drifbúnað ýmissa bifreiða með sjálfvirkan gírkassa, ferli afls frá vökvagír til hjól og íhluti í sjálfvirkum gírkösum og hlutverk þeirra. Uppbyggingu tengsla í sjálfvirkum gírkassa, olíur sem notaðar eru á sjálfvirkra gírkassa og mikilvægi notkunar réttar olíu. Nemandi þekki virkni og hlutverk þrýstiventla, stjórns- og skiptiventla.

Nemandi geti:

Lýst virkni algengra sjálfvirkra gírkassa, sinnt reglubundnu viðhaldi og gert viðeigandi prófanir á sjálfvirkum gírkösum. Lýst plánetugírasamstæðu, reiknað gírhlutföll, lýst virkni ventlahúss, lýst mikilvægi olíuskipta og reglulegrar þjónustu sjálfvirkra gírkassa. Tekið sjálfvirkan gírkassa úr bifreið og sett í aftur, tekið í sundur og sett saman sjálfvirkan gírkassa.

#### Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart

Ljósrit úr handbókum framleiðenda yfir þær sjálfskiptingar sem teknar eru sundur og settar saman.

#### Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er að læra um gerð og virkni sjálfvirkra gírkassa, heiti á íhlutum og meta ástand og virkni þeirra. Nemendur taka sundur sjálfvirkan gírkassa og setja hann saman, þeir vinna fjögur tímaverkefni, og lokapróf.

#### Verkefni:

Taka sundur sjálfvirkan gírkassa og setja hann aftur saman, vinna 4. tímaverkefni og skriflegt loka próf.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Próf 40%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

#### Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 05/01/2015

*Bragi Finnbogason*  
Undirritun kennara

*Haraldur Vilhjálmsson*  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils